

# Snuðra and Tuðra take the bus

## The original book

Author: Iðunn Steinsdóttir

Illustrations: Gunnar Karlsson

ÍÐUNN STEINSDÓTTIR  
GUNNAR KARLSSON

# Smúða 3 g Tuðra

FARA Í STRÆTÓ



*“Now let's take the bus into town and I'm going to buy new clothes for you, you have grown so much”,* Suđra and Tuđra's mother said one morning with Snuđra and Tuđra. *“We are going on the bus, we are going on the bus”,* the sisters sang and finished in time to eat their porridge and egg. They took their vitamins, dried their mouth with their hand and were ready.

On the bus stop there were three old lady's, a man with a cane and a young girl with baby on her arm. When the bus came Snuđra and Tuđra bursted into the bus. They went before the old woman and crippled man, and were almost ~~prepared~~ to pave the young woman with a small child over. They also came first into the bus and threw themselves down in the seat.



– Nú skulum við taka strætó í bæinn og ég ætla að kaupa ný föt handa ykkur, þið hafið stækkað svo mikið, sagði mamma einn morguninn við Snuðru og Tuðru.

– Við förum í strætó, við förum í strætó, söngluðu þær systur og flýttu sér að borða hafragrautinn sinn og eggjð. Lýsið rann ofan í kokið, þær þurrkuðu munninn með handarbakinu og voru tilbúnar.

Á biðstöðinni voru þrjár gamlar konur, maður með staf og ung stúlka með barn í fanginu. Þegar vagninn kom ruddust Snuðra og Tuðra inn. Þær tróðust fram fyrir gömlu konuna og halta manninn og voru næstum búnar að ryðja ungu konunni með litla barnið um koll. Þær urðu líka fyrstar inn í vagninn og fleygðu sér niður í sætin.



*“Let's sit together. We can sit three in two seats”,* said mom. *“No, I'm going to be here and pretend to sleep”,* said Snuďra and stretch out the whole two-seat bench. *“Me too, this is my bed”* said Tuďra and spread it out over the next bench. When everyone had got into the bus there was only one empty seat in the bus.

At the next bus stop was very old and bent man. He was so bent that he could not see an empty seat. He looked at Snuďra and said: *“Would you allow me to sit down with you? I can not stand in the bus”*. *“No, this is my seat”,* said Snuďra. *“There is a seat”,* said mom, pointing at the old man an empty seat.



- Komið þið, við skulum sitja saman. Við getum setið þrjár í tveimur sætum, sagði mamma.
- Nei, ég ætla að vera hér og lúlla, sagði Snúðra og teygði úr sér á heilum tveggja sæta bekk.
- Ég líka, þetta er bólið mitt, sagði Tuðra og breiddi úr sér á næsta bekk.
- Þegar allir voru komnir inn var aðeins eitt sæti í vagninum autt.

Á næstu biðstöð kom afskaplega gamall og boginn maður inn. Hann var svo boginn að hann sá ekki auða sætið. Hann vék sér að Snúðru og sagði:

- Viltu leyfa mér að setjast hjá þér? Ég get alls ekki staðið í strætó.
- Nei, þetta er sætið mitt, sagði Snúðra.
- Þarna er sæti, sagði mamma og benti gamla manninum á auða sætið.



The bus went on and stopped again at the next bus stop. There was a young woman with a child in her stomach and toddler on her arm. *“Can we sit together?”* she said to Snuďra. *“No,-fatty, I need to use this seat”*, said Snuďra. *“And you will not sit with me,”* shouted Tuďra who saw the woman was coming to her. Mom stood up in haste. *“You can sit here, she said”*. So she snuck at the back of the bus and engaged in heavy. Sometimes it felt a bit heavy waiting for her daughters to learn from experience.

The bus keep driving and on the next bus stop an old woman came in. She had old legs and walked slowly,. When she had payed, she looked after a seat. *“This is a very nice little girl. Will you allow me to sit with you”?* she said and turned to Snuďra. *“No, this is my seat”*, Snuďra shouted”. *“May I sit with you, dear child”*, she asked Tuďra. *“Go away ugly old woman, I was here before you”*, Tuďra screamed and stretch out her leg to kick the old woman.

Áfram ók strætó með dynkjum og dýfum og stoppaði aftur á næstu biðstöð. Þar kom inn ung kona með barn í maganum og smábarn á handleggnum.

- Viltu færa þig, vina, og leyfa mér að vera líka? sagði hún við Snuðru.

- Nei, feita bolla, ég þarf að nota þetta sæti, sagði Snuðra.

- Og þú færð ekki heldur að sitja hjá mér, æpti Tuðra sem sá að konan stefndi til hennar.

Mamma stóð á fætur í flýti. - Þú mátt sitja hér, sagði hún.

Svo laumaðist hún aftast í vagninn og stundi þungan. Stundum fannst henni dálítið þungbært að bíða eftir að dætur hennar lærðu af reynslunni.



Enn var ekið og á næstu biðstöð kom gömul kona inn. Hún var svo völt á fótum að hún ætlaði aldrei að komast upp í vagninn. Þegar hún var búin að borga litaðist hún um eftir sæti.

- Ósköp er þetta falleg lítil stúlka. Ætlarðu að leyfa mér að sitja hjá þér? sagði hún og sneri sér að Snuðru.

- Nei, þetta er mitt sæti, hvæsti Snuðra.

- Má ég sitja hjá þér, elsku barn? spurði hún Tuðru.

- Farðu ljóta kerling, ég var hérna á undan þér, argaði Tuðra og teygði fram fótinn til að sparka í gömlu konuna.



Then the driver was angry. He steamed up, walked to Snuďra and Tuďra and snatched them. *“Since you can not behave properly you must go out of my bus”*, he said. Then he looked over the trailer and called: *“What is with these kids! Is there anyone with them”*? Mom was standing at the end with blood clearing out the ears. Her right index finger up to signal that it was her daughters. Driver walked with Snuďra and Tuďru the door and put them out. After him came mom. Everyone in the bus said at the same time, *“poor woman”*!

Bus drove off and after stood Snuďra and Tuďra who were really surprised and their mother who was angry. They had not imagined in their minds that the bus driver would throw them out, they only needed a little space. *“Snuďra and Tuďra, I'll never go back with you on a bus. You can walk from now on”*, mom said. So they went home, all this long way, and the sisters were afraid to talk to mom, she had a strange look on her face.

Þá var bílstjóran-  
um nóg boðið.  
Hann rauk upp,  
skálmaði til  
Snuðru og Tuðru  
og þreif í þær.

- Fyrst þið getið  
ekki hagað ykkur  
eins og mann-  
eskjur þá skuluð  
þið skammast út,  
sagði hann.

Svo leit hann yfir vagninn og kallaði:

- Hver er með þessi börn!

Mamma stóð aftast blóðrjóð út að eyrum. Hún  
rétti upp vísifingur til merkis um að þetta væru  
dætur hennar.

Bílstjórinn þrammaði með Snuðru og Tuðru að  
dyrunum og setti þær út. Á eftir trítlaði mamma  
niðurlút. Allir í strætó stundu einum rómi:

- Aumingja konan!



Strætó ók burt en eftir stóð mamma með Snuðru og  
Tuðru sem voru aldeilis hissa. Þeim hafði ekki dottið  
í hug að maðurinn færi að henda þeim út þó þær  
þyrftu svolítið pláss. En mamma skildi manninn og  
hún var hræðilega reið.

- Snuðra og Tuðra, ég fer aldrei aftur  
með ykkur í strætó. Hér eftir skuluð þið fá  
að ganga, sagði hún.

Svo gengu þær heim, alla þessa löngu  
leið, og systurnar þorðu ekki að yrða á  
mömmu, hún var svo skrítin í framan.



The days went by and Snuðra and Tuðra kept growing and gaining weight. *“They need to get new clothes”*, said Theodora in the apartment against one day. *“I do not trust myself with them in town”*, mom said. *“So bad, they can not be so bad”* said the old woman who stood by. But Theodora clipped her lips together. She was expecting that they were just so bad.

When Snuðra and Tuðra came home they talked to their mother. *“Mother will you allow us to go with you on the bus, just once”*? Mom looked at them. She saw that her daughters were about to burst out of the clothes. And precisely at that moment a button exploded from Snuðras pants and bounced into a corner. *“Yes, she said and reached into his coat, let's make one attempt. But first you must clean yourselves”*.



Dagarnir liðu og Snúðra og Tuðra héldu áfram að stækka og fitna.

- Þær þurfa að fá ný föt, sagði Theodóra í búðinni einn daginn.

- Ég treysti mér ekki með þær í bæinn, sagði mamma.

- Svo slæmar geta þær nú varla verið, sagði gömul kona sem stóð hjá.

En Theodóra klemmdi saman varirnar. Hún átti von á að þær væru einmitt svo slæmar.

Þegar Snúðra og Tuðra komu heim sögðu þær við mömmu:

- Mamma, viltu leyfa okkur að koma með þér í strætó, bara einu sinni?

Mamma horfði á þær. Hún sá að dætur hennar voru alveg að springa út úr fötunum. Og einmitt á því andartaki sprakk hnappurinn í mittinu á Snúðru frá og þeyttist út í horn.

- Já, sagði hún og teygði sig í kápuna sína, við skulum gera eina tilraun. En fyrst verðið þið að þrifa ykkur.




Snuďra and Tuďra went stone silence in the toilet and washed up around their mouth. They also washed their palms but skipped the back of their hands.

They brushed their hair a little and then they were ready. This time they waited in silence on the bus. They sat down with mom and the bus drove off.

On the third busstop all the seats were full. In came a man who was had extremely bad feet. He just contracted forward and cradled and rocked to and from the bus drove off. Snuďra and Tuďra got up.

*“You can sit here, we can just stand”*, Snuďra said to the man. *“Thank you very much, you are very good children”*, he said. Mom smiled and Snuďra and Tuďra were highlighted by pride. It was not every day that they were known as good kids.



Snuðra og Tuðra fóru steinþegjandi inn á klósett og þvoðu sér í kringum munninn. Þær þvoðu líka lófana en slepptu handarbökunum. Svo burstuðu þær ystu hárin og fannst þær vera afskaplega fínar.

Í þetta sinn biðu þær þegjandi eftir strætó. Þær settust hjá mömmu og vagninn ók af stað. Á þriðju biðstöðinni sem þær stönsuðu við voru öll sætin orðin upptekin. Þá kom inn maður sem var fjarskalega slæmur í fótunum. Hann rétt dróst áfram og ruggaði til og frá þegar strætó ók af stað. Snuðra reis upp og kippti í Tuðru.

– Þú mátt sitja hérna, við getum alveg staðið, sagði hún við manninn.

– Þakka ykkur kærlega fyrir, ósköp eruð þið góð börn, svaraði hann.

Mamma brosti til Snuðru og Tuðru sem ljómuðu af stolti. Það var ekki á hverjum degi sem þær voru kallaðar góð börn.



They went to the back of the bus and stood there. There was much more fun because it bounced so much.

When they came into town they took his mother with each hand and said smiling: *'You are always learning something new. Now can we go to town when we want to because you know how to behave in the bus'*. *"It is now difficult to be always learning"*, Snuđra said and Tuđra nodded. *"However, it is fun"*, she said. And then they hopped off into adventure in the city center with their mom.



Þær fóru aftast í vagninn og stóðu þar. Þar var miklu skemmtilegra því það hossaðist svo mikið.

Þegar þær komu niður í bæ tók mamma þær sína við hvora hönd og sagði brosandi:

- Þið eruð alltaf að læra eitthvað nýtt. Nú getum við farið í bæinn þegar okkur langar til af því að þið kunnið að fara í stætó.  
- Það er nú erfitt að vera alltaf að læra, dæsti Snúðra.

Tuðra kinkaði kolli. - Samt er það gaman, sagði hún.

Svo skoppuðu þær af stað á vit ævintýranna í miðbænum.



The end